

# Vélstjórn.

## Uppsetning skýrslna.

Skýrslur skulu uppsettar samkvæmt venjum og hefðum um frágang og uppsetningu skjala sem varðar gögn til upplýsinga og varðveislu.

### Inngangur:

Hér þarf að koma fram markmið tilraunar, lýsing á framkvæmd tilraunar (verksins) í grófum dráttum sem og hvernig staðið var að tilrauninni. Einnig skal vitna í þau gögn um efnið s.b.r. bækur, upplýsingar frá framleiðendum og heimilda af veraldarvefnum.

### Meginmál:

Þessi kafli skal eftir atvikum skiptast niður í fleiri undirkafla þ.e.a.s.

- Að dregið sé fram hin ýmsu aðalatriði verkefnisins.
- Að fram komi mælaniðurstöður, gröf, línurit og annað sem hefur áhrif á niðurstöðurnar.
- Að allar niðurstöður mats og tilrauna komi fram.

### Eftirmáli:

Hér skal nemandinn segja frá þeim niðurstöðum sem hann komst að, m.a. persónulegt mat á rannsóknunum. Hvatt er til að nemendur setji fram sínar eigin hugmyndir hvort sem þær reynast að lokum réttar eða rangar.

*Kennarar Vélstjórn:*

*Gunnar Möller  
Elías Þorsteinsson  
Jóhann Björgvinsson*